

Nr. 25.  
3. nóv.

# Lög

um

bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á Íslandi er bannað að brugga eða búa til áfenga drykki. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en  $2\frac{1}{4}$  % af vínanda eða alkóhóli, að rúmmáli.

2. gr.

Það er og bannað að gera áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar, aftur drekkandi.

3. gr.

Brot gegn 1. og 2. gr. varða 200 til 2,000 kr. sektum. Allar sektir renna í landssjóð.

4. gr.

Um sölu áfengis, sem ætlað er til verklegra afnota, hvort sem það hefur verið gert óhæft til drykkjar eða ekki, setur Stjórnarráðið reglur því til tryggingar, að það verði ekki haft til þess að búa til úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.

5. gr.

Öll áhöld, er að eins hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja, eða við verknað þann að gera áfengi, sem er óhæft til drykkjar, aftur drekkandi, svo og áfengið, sem búið hefur verið til eða gert hefur verið aftur drekkandi, ásamt ílátum, skal vera upptækt og andvirðið renna í landssjóð.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum, skal fara sem með almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla um leið úr gildi lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja frá 12. janúar 1900.

Eftir þessu eiga hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S)

*Einar Arnórsson.*